

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 128

Febrúar 2014

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2014 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Hálfván Ágústsson fjalla um válynt íslenskt jöklaveður.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2014 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga (engar tillögur hafa borist)
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Að aðalfundarstörfum loknum og eftir kaffihlé mun Hálfván Ágústsson segja frá vallyndu veðri á íslensku jöklunum og á hálendinu.


VÁLYND VEÐUR Á JÖKLUM

Veður á jöklum og hálendi Íslands eru um margt með þeim vallyndustu sem verða í sambærilegu fjalllendi á jörðinni. Þar ræður mestu lega landsins í lægðabrautinni um Norður-Atlantshaf. Lægðunum fylgir jafnan mikil úrkoma og hvassviðri en breytileikinn í lægðaganginum veldur því að vindar blása af ýmsum áttum yfir landinu. Nærri yfirborði jarðar stýrir landslagið vindinum og magnar upp vindstrengi og óveður. Fjarri fjöllum og á láglandi verður veður því með öðrum hætti en til fjalla. Úrkomumagn eykst t.d. ört með hæð á og nærri fjöllum; þó ársúrkoman sé víða um 1000 mm sunnanlands þá hafa mest mælt 4630 mm á Kvískerjum undir Örafajökli. Líkanreikningar og ákomumælingar á Mýrdals- og Örafajökli benda jafnframt til að ársúrkoma sé þar um og yfir 7000-8000 mm. Hvassast verður á jöklum og á háum fjöllum, einkum í og undir þeim hlíðum er vísa undan vindi. Í fjarveru lægða ríkir annars konar veður á jöklunum; fremur hægir vindar bera kalt loft niður hlíðar þeirra og við réttar aðstæður er ekki ólíklegt að lægsta lofthita landsins mætti t.d. finna í Grímsvötnum í þurru lofti og stillu.

Hálfván Ágústsson

MÍÐSVETRARHLAUP ÚR VESTARI SKAFTÁRKATLI

Hlaup hófst í Skaftá 18. janúar 2014 og sendi mælir Veðurstofunnar við Sveinstind þá boð um snögga aukningu rennslis, sem síðan kom fram á mælinum við Skaftárdal nokkrum klukkustundum síðar (sjá mynd). Gögnin frá Skaftárdal gefa mun réttari mynd af raunverulegu rennsli vegna ístruflana í farveginum við Sveinstind. Að vanda var rennslisaukningin mjög ör og hámarki var náð á rúnum sólarhring. Síðan tók við róleg lækking næstu tvær vikurnar. Hlaupið var lítið (heildarrúmmál nokkuð innan við 100 Gl) og olli engum vandræðum. Nú er beðið næsta hlaups úr Eystri-Skaftárkatli, sem safnað hefur í sig vatni síðan í júlí 2010. Er hlé milli tveggja hlaupa úr þeim katli nú orðið hið lengsta frá upphafi vöktunar hlaupanna fyrir um 60 árum og má því búast við stóru Skaftárhlaupi á þessu ári.



Rennslisferlar tveggja minni háttar hlaupa úr Vestari-Skaftárkatli 2012 og 2014. Gögn frá mælinum í Skaftárdal eru sýnd með heildregnum ferlum og óleiðrétt gögn frá Sveinstindi 2014 með ljósblárrí brotalínu. Lárétti ásinn sýnir dagafjölda og upphafsdagur er sýndur t.v. Í hlaupinu í janúar 2014 fór rennsli í Skaftárdal ekki yfir 200 m³/s og grunnrennsli fyrir og eftir hlaup er innan við 50 m³/s. Hlaupið 2012 varð síðsumars og er grunnrennsli fyrir hlaup um 200 m³/s, auk þess sem dægursveiflna gætir vegna dagleysingar á jökli. Að því hlaupi loknu er komið fram á haust og grunnrennsli lækkar með kólnandi veðri. Óleiðrétti ferillinn frá Sveinstindi sýnir hversu mikil áhrif ís í farvegi árinna getur haft á vatnshæðina, því óleiðréttu gögnin gefa til kynna um tvöfalt meira rennsli en mælirinn í Skaftárdal. Mælirinn við Sveinstind sendir þó venjulega fyrstu viðvörðun um að Skaftárhlaup sé hafið.

Þorsteinn Þorsteinsson

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jökklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram að hausti er hér að neðan. Munið ennisljósinn og gönguskiðin eftir því sem við á!


<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
18. feb.	Grafarvogur	Grafarvogskirkja
4. mars	Fossvogur	Borgarspítali (austanmegin)
15. mars	Gönguskiðaferð	Nánar auglýst síðar (laugard.)
25. mars	Vífilsstaðavatn	Bílastæðið nær Vífilsstöðum
8. apríl	Ástjörn	Select við Lækinn í Hafnarfirði
22. apríl	Búrfellsgjá	Heiðmörk
3. maí	Kræklingafjara	Select Vesturlandsvegi (laugard. kl. 11)
13. maí	Hvaleyrarvatn	Select við Lækinn í Hafnarfirði
27. maí.	Heiðmörk	Select Vesturlandsvegi
10. júní.	Eldborg, Grafningi	Select Vesturlandsvegi
Sumarfrí		
22. júlí	Mosfell	Select Vesturlandsvegi
5. ágúst	Hátindur	Select Vesturlandsvegi
19. ágúst	Húsfell/Kaldársel	Select við Lækinn í Hafnarfirði

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR

Við minnum á að á aðalfundi JÖRFÍ verður til sölu ”Kúntir náttúrunnar - Aldarslagur Sigurðar Þórarinssonar 1912-2012”, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni. Safnið kostar kr. 4.000,- en á fundinum verður einungis hægt að greiða með reiðufé. Frekari upplýsingar eru á vefnum: “<http://www2.jorfi.is>”.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2013

Sumrinu var nokkuð misskipt milli landshluta. Á Norður- og Austurlandi var ágætlega hlýtt og sólríkt en hiti rétt yfir meðallagi og úrkomusamt um sunnanvert landið. Úrkoma vetrarins var mjög öfgakennd og byrjaði með hörku áhlaupi og fannfergi þegar 10. september á Norðurlandi. Skiptust svo á mjög úrkomusamir mánuðir og þurrir. Snjóalög voru því mikil á Norðurlandi og Austurlandi en það náði t.d. ekki upp á Hofsjökul þar sem var fremur snjólétt í vor. Þar var því afkoman neikvæð 19. árið í röð. Þótt afkoma hafi ekki verið mæld nákvæmlega á Kaldalónsjökli og á Grímslandsjökli á Flateyjarskaga þá má segja með vissu að þeir bættu við sig á þessu jökulári. Á báðum



Sporðar Heinabergsjökuls og Skálafellsjökuls á mynd frá Google Earth frá 2008.

stöðum er þess getið að lítið sjáist í jökulís og snjór síðasta vetrar hylji mestan hluta jökulsins og ekki var unnt að mæla vegna þess að snjór huldi sporðinn. Á það eflaust við um fleiri jökla á svipuðum slóðum.

Jökulsporða var vitjað á 46 mælistöðvum haustið 2013. Hausthret gerði í lok ágúst og setti það strik í reikninginn hjá einhverjum.

Þess var getið í síðasta pistli að að því ræki að Heinabergsjökull myndi styttast rösklega. Það gerðist fyrir en varði. Nú mældist tæplega eins km hop á annarri mælinunni þar, sem er að sjálfsögðu metið í ár. Á hinni mælinunni gekk sporðurinn fram um 28 m. Þeim megin liggur miðröndin fram á sporðinn og hindrar bráðnun með einangrun (sjá mynd) og þess vegna er jökullinn mun þykkari þar og brotnar því ekki eins greiðlega upp. Það mun engu að síður eiga fyrir honum að liggja að brotna hratt upp áður en langt um líður og þá stækkar lónið ört. Ekki væri úr vegi að gefa þessu myndarlega lóni nafn. Mætti efna til samkeppni um örnefnið meðal nemenda í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu en þeir mæla þar árlega breytingar á sporðinum. Ekki lengdust aðrir mældir jökla á árinu en Heinabergsjökull á vestari línunni en geta verður þess að talan frá Kötlujökli sýnir 1 m framgang en það skýrist væntanlega af því að vikri hefur skolað af ís sem var hulinn í fyrra. Greinilegt var á GPS-línu sem tekin hefur verið árlega meðfram jökulröndinni að hún hopar hægt en örugglega. Margir jökla styttust hins vegar mjög mikið. Til dæmis mældist 152 m hop á Hagafellsjökli eystri og hefur hann styst um hálfan km á 4 árum. Öldufellsjökull styttist um 400 m á sama tíma. Skeiðará virðist taka sinn toll af sporði jökulsins sem vænta mátti. Morsárjökull styttist um 126 m.

Að lokum má geta þess að í lok síðasta árs hlaut JÖRFÍ styrk frá Vinum Vatnajökuls til þess að vinna vefviðmót sem mun gera sporðamælingarnar, og ýmsan fróðleik þeim tengdum, aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Verkefnið verður unnið á þessu ári en gert er ráð fyrir að fyrsta útgáfa viðmótsins líti dagsins ljós síðla sumars 2014.

Oddur Sigurðsson

SKÁLAGJÖLD 2014

Á fundi stjórnar Jökларannsóknafélagsins 7. janúar síðastliðinn var samþykkt að gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins árið 2014 hækki frá fyrra ári og verði sem hér segir:


	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	2.600,-	3.600,-
Jökulheimar	2.200,-	3.100,-
Esjufjöll	2.200,-	3.100,-
Aðrir skálar	1.500,-	2.000,-

Eins og áður er tekið við skálabókunum og -fyrirspurnum í netfanginu: "jorfiskalar@gmail.com". Einnig er hægt að senda fyrirspurn um bókun á vef félagsins: "http://www2.jorfi.is/?page_id=930", en á síðunni er nú ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.

GRÍMSVATNAGRALLARI

Á síðasta ári réðst Jökларannsóknafélagið í að endurprenta Grímsvatnagrallarann, hefti með sönglögum jöklamanna, sem hafði um hríð aðeins verið til í fáum eintökum hjá félaginu. Hinum upprunalega Grallara var því komið á stafrænt form og ritaður nýr formáli framan við hann, áður en heftið var endurprentað. Að öðru leyti er heftið eins og upprunalegi Grallarinn.

Nýja heftið verður til sölu á aðalfundi JÖRFÍ og mun kosta kr. 2.000,- en greiða þarf með reiðufé.





Horft til Örfajökuls frá Esjufjöllum í vorferð 2012 (Hrafnhildur Hannesdóttir)



Horft til Þuríðartinds og Örfajökuls frá Mávabyggðum í vorferð 2012 (Hrafnhildur Hannesdóttir)

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfván Ágústsson